



Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Austurvegi 65a, 800 Selfoss

kt. 4802840549 - Sími: 480 8250
Netfang: hsl@hsl.is

STARFSLEYFI

Set ehf.

Plastiðnaður

Heimilisföng og fasteignanúmer: sjá viðauka 1
800 Selfoss

Nafn og kt. rekstraraðila: **Set ehf., kt. 6102780359**
Heimilisfang: **Eyrarvegi 41-49, 800 Selfoss**

Útgáfudagur: 21. maí 2025

Gildir til: 1. janúar 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:
Fyrir mengandi starfsleyfi
dags. 21. maí 2025

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.


Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Selfossi, 21. maí 2025


Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri

2410070HS



Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Austurvegi 65a, 800 Selfoss

kt. 4802840549 - Sími: 480 8250
Netfang: hsl@hsl.is

Viðauki 1 – Tengist starfsleyfi gefnu út 21. maí 2025 fyrir Set ehf.


Þessi viðauki fylgir starfsleyfi sem gefið var út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands fyrir Set ehf., kt. 6102780359, vegna starfsemi að Eyravegi 35, 37, 39, 41, 43-45, 47 og 49 og hins vegar að Gagnheiði 1 og 7, 800 Selfoss. Viðaukinn inniheldur yfirlit yfir öll viðkomandi heimilisföng og fasteignanúmer tengd starfseminni.

Útgáfudagur viðauka: 21. maí 2025

Viðauki 1: Heimilisföng og fasteignanúmer

Heimilisfang	Staðfanganúmer	Fasteignanúmer
Eyravegur 35	STF1072925	F2185755
Eyravegur 37	STF1072903	F2185757
Eyravegur 39	STF1072927	F2185759
Eyravegur 41	STF1072904	F2185760
Eyravegur 43-45	STF1072929	F2185763
Eyravegur 47	STF1072944	F2185767
Eyravegur 49	STF1072945	F2234973
Gagnheiði 1	STF1073018	F2186104
Gagnheiði 7	STF1073021	F2340532

Selfossi, 21. maí 2025


Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri



STARFSLEYFISSKILYRÐI

fyrir mengandi starfsemi

Set ehf.

kt. 6102780359

Eyravegi 41, 800 Selfoss

1. GILDISSVIÐ OG ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir framleiðslu á hitaveitu-, vatnsveitu-, fráveitu og rafmagnsrörum úr plastefnum og stáli í starfsstöð fyrirtækisins að annars vegar Eyravegi 35, 37, 39, 41, 43-45, 47 og 49 og hins vegar að Gagnheiði 1 og 7.

Felst starfsemin m.a. í blöndun plastefna, plastskurði, plastsuðu, stálsuðu, vélsmiði og rennismíði auk endurvinnslu plastefna úr eigin framleiðslu.

Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

- 1.2 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

- 1.3 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, samþykktum viðkomandi sveitarfélags og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum.

- 1.4 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Fylgi starfsleyfishafi ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. til að knýja á um úrbætur.

- 1.5 Starfsleyfi skal endurskoða að jafnaði á fjögurra ára fresti. Jafnframt er útgefanda starfsleyfis heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, t.a.m. ef í ljós kemur að mengun af völdum starfseminnar er meiri eða önnur en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breyting verður á rekstri fyrirtækisins er varðað getur ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.



Með mengun er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og/eða skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofta, láða eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis.

- 1.6 Starfsleyfishafi skal veita Heilbrigðiseftirliti Suðurlands upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, ber starfsleyfishafa að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.7 Starfsleyfið ásamt starfsleyfisaskilyrðum fellur úr gildi ef starfsemin skiptir um eigendur eða húsnæði. Skal rekstraraðili sækja um starfsleyfi að nýju ef halda á rekstrinum áfram undir nýrri kennitölu eða á nýjum stað. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður.
- 1.8 Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði fyrirtækisins í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, ef rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.
- 1.9 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfseminnar, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal fyrirbyggja tjón eða bæta úr tjóni sem þegar hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfisumsókn og starfsleyfi í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili birtir þær upplýsingar sem og niðurstöður eftirlits opinberlega á vefsíðu sinni eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. UMHVERFI

- 2.1 Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið. Starfsleyfishafi skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skipuleggja orku- og efnanotkun á sem vistvænastan hátt.
- 2.2 Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir viðurkenndu umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS), m.s.br.
- 2.3 Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir, þ.m.t. sorpgeymslur, skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir umhverfi eða nágranna og eftir atvikum takmarka aðgengi og/eða byrgja innsýn á svæðið, t.d. með skjólgirðingu, jarðvegs- eða gróðurmon. Komið skal í veg fyrir að úrgangur og/eða annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð fyrirtækisins.

3. MENGUNARVARNIR

- 3.1 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láða og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.



- 3.2 Starfsleyfishafi skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum. Ísogbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks og nota við hreinsun vegna minniháttar leka eða óhappa. Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.
- 3.3 Eftir því sem við á skal athafnasvæði fyrirtækisins eða hlutar þess lagt vökvaheldu yfirborði með niðurföllum tengdum við viðeigandi mengunarvarnarbúnað, sbr. gr. 3.24.
- 3.4 Starfsleyfishafi skal ávallt leitast við að velja sem minnst mengandi aðferð til allra þrifa, t.a.m. með notkun umhverfissvottaðra hreinsiefna. Þvottur véla og vélarluta skal, eftir því sem við á, fara fram á olíuheldu pláni með frárrennsli tengt við olíuskilju eða í þar til gerðum þvottavélum með lokuðu kerfi.

Úrgangur

- 3.5 Við meðferð úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Stefnt skal að fullnýtingu hráefna og með hreinni framleiðslutækni skal stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er.
- 3.6 Úrgang skal flokka eftir því sem tök eru á til endurvinnslu eða endurnýtingar. Á sorpgámum og ílátum fyrir flokkaðan úrgang skulu vera skýrar merkingar um hvaða úrgangur má fara í viðkomandi gám eða ílát. Úrgang sem flokkast sem spilliefni, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, skal geyma í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgang né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni.
- 3.7 Um meðferð og geymslu olíuúrgangs fer skv. reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, m.s.br. Olíuúrgang skal geyma á viðeigandi hátt og skila til viðurkenndrar söfnunar- eða móttökustöðvar. Óheimilt er að losa olíuúrgang í yfirborðsvatn, grunnvatn, sjó, jarðveg eða fráveitu. Jafnframt er óheimilt að blanda olíuúrgangi saman við annan úrgang.
- 3.8 Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera heil og henta fyrir þann úrgang sem í þau fer og vera, eftir því sem við á, vökvaheld, lokanleg og þétt. Hindra skal aðgang meindýra, vargfugls og annarra dýra að úrgangsgeymslum.
- 3.9 Öll söfnun, urðun, brennsla eða önnur meðferð úrgangs á athafnasvæði fyrirtækisins er óheimil. Allan úrgang skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna.

Meðferð efna

- 3.10 Hættuleg efni og efnablöndur skulu meðhöndluð af sérstakri varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn né grunnvatn eða geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.



- 3.11 Geyma skal öll efni og efnablöndur í upprunalegum umbúðum sem skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- 3.12 Efnavöru skal geyma á öruggum og loftræstum stað innan dyra sem er þannig frágenginn að efnavara geti ekki borist um niðurföll í fráveitu.
- 3.13 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum. Öryggisblöð vegna hættulegra efna skulu vera á íslensku.
- 3.14 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er draga úr notkun hættulegra efna og myndun spilliefna, t.d. með notkun umhverfissvottaðra staðgengilsefna eða með endurnotkun, endurnýtingu eða endurvinnslu efna.

Meðferð olíu

- 3.15 Um meðferð og geymslu olíu og frágang olíugeyma, gasgeyma og álíka búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- 3.16 Allt frárennsli sem getur verið mengað af olíuefnum skal leitt í olíuskilju. Gerð og stærð olíuskilju skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit.
- 3.17 Olíuskiljur skulu þannig staðsettar og frágengnar að auðvelt sé að fylgjast með frárennsli frá þeim og taka sýni úr frárennslinu ef nauðsyn krefur. Olíuskiljur skulu skoðaðar reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæmdar eftir þörfum.
- 3.18 Olíuskiljur skulu útbúnar sjálfvirkum viðvörunarbúnaði.
- 3.19 Mengist jarðvegur af olíu vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé meðhöndlaður í samræmi við reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir

- 3.20 Um meðferð flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og eftirlit með búnaði sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir fer skv. reglugerðum nr. 970/2013 um efni sem valda rýmun ósonlagsins og nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir m.s.br. Aðili sem annast viðhald og eftirlit með búnaði sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skal hafa til þess tilskilin leyfi, sbr. ákvæði ofangreindra reglugerða í samræmi við efnalög nr. 61/2013 m.s.br.

Hávaði

- 3.21 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Loftmengun

- 3.22 Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er með viðeigandi mengunarvarnarbúnaði, sbr. gr. 3.1, og þess gætt að ryk, reykur og lyktarmiklar og/eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi. Þar sem nauðsyn er á loftræstingu út úr vegg skal ávallt sjá til þess að veggur og nærumhverfi haldist hreint.



Fráveitur

- 3.23 Fráveita skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp.
- 3.24 Á fráveitu fyrirtækisins skal vera viðeigandi mengunarvarnarbúnaður, s.s. síur, ristar, olíuskilja, sandskilja, fituskilja o.þ.h., í samræmi við eðli og umfang starfseminnar.
- 3.25 Olíuskiljur, sandskiljur og fituskiljur skal hreinsa með reglubundnum hætti af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja úrgang til förgunar eða meðhöndlunar á móttökustað sem hefur til þess starfsleyfi.

4. EIGIÐ EFTIRLIT, SKRÁNINGAR OG TILKYNNINGASKYLDA

- 4.1 Starfsleyfishafi skal viðhafa eigið eftirlit og halda skrá um atriði er varða m.a.:
- fyrirkomulag og eftirlit með mengunarvörnum fyrirtækisins, þ.m.t. reglubundnar hreinsanir og viðhald mengunarvarnarbúnaðar,
 - óhöpp eða slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu,
 - tegundir og magn hættulegra efna sem notuð eru í rekstrinum,
 - skil úrgangs og spilliefna til móttökustöðva.

Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.


- 4.2 Tilkylna skal heilbrigðiseftirliti um öll meiriháttar frávík í rekstrinum sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið og/eða varðað almannaeið, sbr. gr. 3.2.

5. GILDISTAKA OG GJALDSKYLDA

- 5.1 Starfsleyfi þetta er veitt til tólf ára í samræmi við 6. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og öðlast gildi við birtingu.
- 5.2 Starfsleyfishafi greiðir árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, eins og hún er hverju sinni.

Selfossi, 21. maí 2025

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Reynir Freyr Jakobsson,
heilbrigðisfulltrúi



Fylgiskjal 2

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

Set ehf

kt. 610278-0359

**Eyrarvegur 41-49,
800 Selfoss**

**vegna plastiðnaðar í starfstöð fyrirtækisins að Eyravegi 35, 37, 39, 41, 43-45, 47
og 49 og hins vegar að Gagnheiði 1 og 7, 800 Selfoss.**

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 18. október 2024. umsókn Harpa Lilja Júníusdóttir, kt. 2204872459 f.h. Set ehf., kt. 6102780359, um starfsleyfi fyrir framleiðslu hitaveitu-, vatnsveitu-, fráveitu og rafmagnsröra úr plastefnum og stáli að Eyravegi 35, 37, 39, 41, 43-45, 47 og 49 og hins vegar að Gagnheiði 1 og 7, 800 Selfoss.

Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi og var móttaka umsóknar auglýst samdægurs á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, www.hsl.is.

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit þar sem fram koma, eftir því sem við á hverju sinni, ákvæði um viðmiðunarmörk, orkunýtingu, meðferð úrgangs, mengunarvarnir, tilkynningaskyldu vegna óhappa og/eða slysa, innra eftirlit, vöktun, eftirlitsmælingar og rannsóknir svo og rekstur og viðhald mengunarvarnarbúnaðar.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þann 23. október 2024 sendi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands umsagnarbeiðni um ofangreinda þætti til embættis skipulags- og byggingafulltrúa Árborgar. Þann 13. nóvember 2024 barst jákvæð umsögn skipulags- og byggingafulltrúa um erindið. Í framhaldinu var ljóst að breyting væri nauðsynleg á aðalskipulaginu til að taka til fyrirvara um núverandi rekstur á miðsvæði, sem krafðist aðalskipulagsbreytingar og auglýsingar hennar í Stjórnartíðindum. Breytingin var að lokum auglýst í Stjórnartíðindum þann 10. apríl 2025.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir Eyravegi 35, 37, 39, 41, 43-45, 47 og 49 og hins vegar að Gagnheiði 1 á vegum Set ehf. á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Auglýsingin var birt þann 23. október 2024 og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 20. nóvember 2024.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis

Á 240. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 3. desember 2024 sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn Set ehf. tekin til afgreiðslu og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út til 12 ára að loknum auglýsingatíma, að því gefnu að engar athugasemdir myndu berast á auglýsingatímanum.


Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út í samræmi við ofangreint.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 21. maí 2025.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Reynir Freyr Jakobsson
heilbrigðisfulltrúi